

Minnisblað

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks. Lagt fyrir Fjölskylduráð Hafnarfjarðar 11. september 2015.

Á fundi Fjölskylduráðs þann 22. maí s.l. var eftirfarandi bókað:

2. 1405420 - Ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Til fundarins mættu Hallur Simonarson, Kristiana Baldursdóttir, Atli Þórsson og Soffía Ólafsdóttir. Lögð fram skýrsla innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á aðdraganda, innleiðingu og framkvæmd breytinga sem tengjast sameiginlegri ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Hallur Simonarson innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar kynnti skýrsluna. Einnig rétt um kostnað vegna ferðaþjónustunnar o.fl.

Kristín María Thoroddsen vék af fundi kl. 10:30.

Sviðsstjóra falið að vinna áfram að málinu á grundvelli eftirfarandi tillagna úr minnisblaði um kostnað við ferðaþjónustu fatlaðs fólks:

Fara í viðræður við Strætó bs. varðandi forsendur kostnaðar þ.e.a.s. 50/50 reglu, útreikning á fjölda ferða o.fl. Óska eftir lögfræðialíti varðandi stjórnsýslulega stöðu sveitarfélagsins gagnvart Strætó bs. Ljóst er að þær forsendur sem Strætó bs. gaf sveitarfélaginu hafa ekki staðist.

Leita leiða til að ná niður kostnaði með því t.d. að kanna möguleika á sveigjanlegri og fjölbreyttari ferðaþjónustu fyrir búsetukjarna fatlaðs fólks í sveitarfélaginu.

Fara í viðræður við Blindrafélagið sem hafa óskað eftir viðræðum við sveitarfélagið.

Kanna möguleika á að rifta samningi um sameiginlega ferðaþjónustu á Höfuðborgarsvæðinu vegna forsendubrests.

[SSH_adildarsveitarfelag_uttekt_innri_endurskoðunar_2015_05_18.pdf](#)

[Uttekt_IE_Ferdathonusta_Kynning.pdf](#)

[IE15020001 - Ferðaþjónusta fatlaðs fólks.pdf](#)

[Minnisblað_strætó_22102014.pdf](#)

[Framtíðarhópur_SSH.pdf](#)

[Áfangaskýrsla_framkvæmdaráðs_ferðaþjónustu_fatlaðs_fólks_7_maí_2015.docx](#)

[Þróun_kostnaðar_í_ferðaþjónustu_fatlaðra_Minnisblað.docx](#)

Bæjarstjóri hefur verið í viðræðum á vettvangi SSH um breyttar kostnaðarforsendur ferðaþjónustunnar. Lagðar hafa verið fram tillögur að breyttri skiptingu en ekki hefur náðst samkomulag milli sveitarfélaganna um nýja skiptingu. Í fylgiskjali eru drög að tillögu að kostnaðarskiptingu.

Óskað var eftir lögfræðialíti varðandi stjórnsýslulega stöðu sveitarfélagsins gagnvart Strætó bs. Lögfræðialítið liggur fyrir sjá meðfylgjandi fylgiskjal. Í lögfræðialitinu kemur fram að enginn

eiginlegur samningur var gerður milli sveitarfélaganna og Strætó um rekstur sameiginlegrar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu heldur var Strætó falin umsýsla verkefnisins með samkomulagi sveitarfélaganna og tók þá um leið við stjórnarsýslulegu hlutverki sveitarfélaganna. Af samkomulaginu leiðir sbr. og ákvæði sveitarstjórnarlaga, að ekkert eitt sveitarfélaganna ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar heldur bera sveitarfélögin sameiginlega endanlega fjárhagslega ábyrgð á verkefninu. Einnig kemur fram að ekki sé unnt að rifta samkomulagi við Strætó enda enginn samningur fyrir hendi við Strætó um umsjón þjónustunnar. Þá verði ekki séð að riftunarskilyrði séu til staðar vegna samkomulags sveitarfélaganna en mögulegt sé að skoða þá leið að Hafnarfjarðarbær myndi draga sig að hluta eða öllu leyti úr samstarfi við sveitarfélögin á grundvelli samkomulagsins. Taka þyrfti þá tillit til hinna sveitarfélaganna í SSH og t.d. semja um uppsagnarfrest á samkomulaginu af hálfu Hafnarfjarðarbæjar. Í lögfræðiálitinu kemur fram að Hafnarfjarðarbær hefur þann kost að semja við Blindrafélagið um að taka við ferðaþjónustu fatlaðra, en aðeins eftir að Hafnarfjarðarbær hefur dregið sig út úr samstarfi SSH um ferðaþjónustu fatlaðra.

Í ljósi þess að bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti ekki samninginn sem undirritaður var milli sveitarfélaganna um sameiginlega ferðaþjónustu var leitað var álits lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga á því hvort slíkt væri samkvæmt lögum. Í svari lögfræðingsins kemur fram að ef ákvörðun er tekin utan sumarleyfistíma og ekki er um að ræða ráðstöfun sem þegar hefur verið samþykkt af bæjarstjórn, t.d. í fjárhagsáætlun, ætti ákvörðun almennt ekki að taka gildi fyrr en að lokinni staðfestingu bæjarstjórnar. Sjá fylgiskjal.

Skóðaðir voru möguleikar á sveigjanlegri og fjölbreyttari ferðaþjónustu fyrir búsetukjarnana, sjá fylgiskjal. Niðurstaðan í þeirri athugun er að ekki væri um hagræðingu að ræða væru farnar þær leiðir að hafa bíl til umráða fyrir heimilin. Sjá fylgiskjal.

Rætt hefur verið við Blindrafélagið um að taka að sér ferðaþjónustu fyrir Hafnarfjarðarbæ. Í fylgiskjali er minnisblað frá fjármálasviði þar sem farið er yfir stöðuna á þjónustu Blindrafélagsins. Það skal haft í huga að í lögfræðiálitinu kemur fram að ekki sé hægt að semja við Blindrafélagið fyrr en eftir að Hafnarfjarðarbær hefur dregið sig út úr samstarfi SSH um ferðaþjónustuna.

Hafnarfjörður 8. september 2015.



Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.

Fylgiskjöl:

Drög að minnisblaði vegna kostnaðarskiptingar milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu dagsett 2. sept. 2015.

Tölvupóstur dagsettur 10. ágúst 2015 frá Guðjóni Bragasyni, lögfræðingi Sambands sveitarfélaga.

Lögfræðiálit: Staða Hafnarfjarðarbæjar vegna ferðaþjónustu fatlaðra.

Bíll til afnota fyrir heimilin. Minnisblað júní 2015.

Minnisblað dagsett 8. sept. 2015 vegna ferðaþjónustu blindra.